

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

LSS150434

Skilmálar þeir sem hér eru notaðir skulu skoðast og skilgreindir sem slíkir að því er varðar skilyrði sem sett eru fram í grunnlýsingu útgefanda, dagsettri 28. apríl 2014 skv. IV. og V. viðauka fylgiskjals I við reglugerð nr. 243/2006 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 809/2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga. Í skjali þessu er að finna endanlega skilmála fyrir skuldabréfin sem hér er lýst að því er varðar grein 5.4 í tilskipuninni og lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og þá verður að túlka í samræmi við grunnlýsingu útgefanda sem og í samræmi við gildandi lög og reglur.

Ítarlegar upplýsingar um útgefanda og útgáfuna er einungis að finna í samsetningu af grunnlýsingu dags. 28. apríl 2014 og endanlegum skilmálum dags 11. júní 2020. Fyrirgreind skjöl má nálgast á starfsstöð útgefanda og á vefsíðu hans, sem er: www.lanasjodur.is.

| | |
|--|---|
| Útgefandi | Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt 580407-1100, Borgartúni 30, 105 Reykjavík. |
| Ábyrgð útgefanda | Lánasjóðurinn skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með reglulegum afborgunum yfir lánstímann. Skuldbinding útgefanda er bein, óskilyrt og án frekari trygginga en felst í eignum sjóðsins á hverjum tíma. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu skuldabréfanna eru jafnrétt háar og njóta ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur útgefanda. |
| Auðkenni | LSS150434. |
| ISIN númer | IS0000020691. |
| Tilgreind mynt | ISK. |
| Nafnverð seldra bréfa | ISK 2.590.000.000. |
| Útgáfa eigin bréfa vegna viðskiptavaktar (nafnverð) | [Á ekki við] |
| Áður útgefið | ISK 62.198.152.565. |
| Stærð flokks skv. núgildandi heimild | ISK 90.000.000.000 að nafnvirði. |
| Dagaregla | 30E/360. |
| Nafnverðseiningar | ISK 1. |
| Útgáfudagur | 11. júní 2020 |
| Fyrsti vaxtadagur | 15. október 2011. |
| Tegund bréfs | Verðtryggt jafngreiðslubréf. |
| Vextir | 3,75% fastir verðtrygðir ársvextir. |
| Tíðni afborganna og vaxta | Tvisvar á ári, 15. apríl og 15. október ár hvert. |
| Fyrsta greiðsla | 15. apríl 2012. |

Fjöldi vaxtagreiðslna og 45.
afborgana

Lokagjalddagi 15. apríl 2034.

Verðtrygging og grunnvísitala Skuldabréf þetta er bundið dagvísitölu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV). Grunnvísitala bréfanna er 387,1 (VNV 1. apríl 2012).

Ávöxtun á söludegi Ávöxtunarkrafa dags 10. júní 2020 var 1,03% og sölugengi 106,598627.

Útreikningur ávöxtunar Ávöxtunarkrafa er sú ávöxtun sem þarf að nota við virðisútreikning greiðsluf læðis bréfanna svo að verðmæti greiðsluf læðisins sé jafnt söluverðinu.

Taka til viðskipta Sótt hefur verið um að skuldabréf að fjárhæð 2.590.000.000 að nafnvirði verði tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. þann 12. júní 2020.

Uppgreiðsluheimild Engin uppgreiðsluheimild er á skuldabréfunum.

Víkjandi ákvæði Engin víkjandi ákvæði fylgja skuldabréfunum.

Hlunnindi Engin sérstök réttindi, hlunnindi né forkaupsréttarákvæði fylgja kaupum á skuldabréfunum.

Verðbréfamiðstöð Nasdaq verðbréfamiðstöð hf., Laugavegi 182, Reykjavík.

Skuldabréf í flokknum verða seld til fagfjárfesta gegn staðgreiðslu 12. júní 2020. Frekari útgáfur verða seldar fagfjárfestum gegn staðgreiðslu í lokuðum útboðum. Umsjónaraðili sölunnar er Lánasjóður sveitarfélaga öhf.

Lánasjóðurinn greiðir þóknun til þeirra sem taka þátt í útboðum sjóðsins sem nemur 0,15% af markaðsvirði þess sem viðkomandi kaupir í hverju útboði fyrir sig. Lánasjóðurinn greiðir einnig árlegt gjald vegna skráningar skuldabréfanna hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. sem nemur 0,002% af markaðsvirði útgáfunnar hverju sinni. Ennfremur greiðir Lánasjóður sveitarfélaga ISK 115.000 fyrir að skuldabréfin séu tekin til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. Heildarkostnaður við útgáfuna er ISK 4.311.575. Að auki greiðir lánasjóðurinn árlegt fast gjald ISK 62.500 fyrir að skuldabréfaflokkurinn sé í viðskiptum á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf. ásamt árlegu markaðstengdu gjaldi sem nemur 0,001% af markaðsvirði skuldabréfaflokksins hverju sinni.

Verðmæti seldra skuldabréfanna miðað við sölugengi er alls ISK 2.760.904.439.

Að frádraginni þóknun til þeirra sem tóku þátt í útboðinu og annars kostnaðar er nettósöluandvirði útgáfunnar ISK 2.756.592.865.

Ábyrgð

Útgefandi ábyrgist upplýsingar þær sem finna má í endanlegum skilmálum þessum.

Undirritað af hálfu útgefanda þann 11. júní 2020:


sem hefur til þess fullt umboð